

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri

7.11.2019
2019-01-700

Efni: Ósk um framkvæmdaleyfi til lagningar ídráttarröra fyrir tvö 220 kV jarðstrengjasett í Hólasandslínu 3 (HS3)

Landsnet fyrirhugar lagningu ídráttarröra fyrir tvö 220 kV jarðstrengjasett í Akureyrarbæ, nánar tiltekið í og undir vestustu kvísl Eyjafjarðarár við syðri enda flugvallar. Um er að ræða undirbúning fyrir lagningu Hólasandslínu 3 (HS3). Framkvæmdin felst í lagningu tveggja 170 m langra rörabúnta (2x3x170m). Verkið verður unnið samhliða byggingu brúar sem Akureyrarbær mun byggja rétt norðan þessarar þverunar.

Áætlað er að bjóða verkið út samhliða og með byggingu brúarinnar og myndu framkvæmdir hefjast veturinn 2019-2020 og er stefnt að því að ljúka framkvæmdum í maí. Framkvæmd röralagnarinnar sjálfrar tekur um hálfan mánuð og fer fram nálægt verklokum við byggingu brúarinnar eða í lok apríl 2020.

Lagning Hólasandslínu 3 220 kV raflínu milli Akureyrar og Hólasandsfjellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Álit Skipulagsstofnunar var birt 19.09.2019. Meðfylgjandi er slóð á álitnið á vef Skipulagsstofnunar: <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/>

Framkvæmdin er á aðalskipulagi Akureyrar en strengleiðinni við Akureyrarflugvöll hefur lítillega verið hnikað til frá gildandi skipulagi. Landsnet hefur sótt um breytingu á aðalskipulagi vegna færlnunnar og var tillaga að breytingu á aðalskipulagi samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 5.11.2019. Breyting á deiliskipulagi Akureyrarflugvallar til samræmis við aðalskipulagið er í ferli.

Með erindi þessu er sótt um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2013.

Meðfylgjandi er lýsing mannvirkja og nánari upplýsingar um framkvæmdina ásamt yfirlitskortum, teikningum og öðrum upplýsingum í samræmi við 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Virðingarfyllt



Friðrika Marteinsdóttir
Verkefnisstjóri
Landsneti

Meðfylgjandi gögn:

HS3- þverun Eyjafjarðarár. Lýsing mannvirkja vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.